

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004  
(EES-reglur, móttaka úrgangs í höfnum).

Frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. 4. tölul. orðast svo: *Farmleifar*: Leifar hvers konar farms um borð, á þilfarinu eða í lestum eða tönkum, sem eftir verða að lokinni fermingu og affermingu, þ.m.t. umframmagn og leki í tengslum við fermingu eða affermingu, hvort sem þær eru þurrar eða blautar eða hluti af þvottavatninu, að undanskildu farmryki, sem verður eftir á þilfarinu að lokinni hreinsun, eða ryki á ytra yfirborði skipsins.
- b. 26. tölul. orðast svo: *Úrgangur frá skipum*: Allur úrgangur, þ.m.t. farmleifar, sem fellur til við starfrækslu skips eða við lestun, losun og hreinsun og fellur undir gildissvið I., II., IV., V. og VI. viðauka við MARPOL-samninginn, auk úrgangs sem er fangaður af tilviljun.
- c. Við bætist nýr töluliður, 26. tölul., svohljóðandi: *Úrgangur fangaður af tilviljun*: Úrgangur sem safnast í net við fiskveiðar.

### 2. gr.

Við 11. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hafnarstjórn skal gera áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um útfærslu og uppbyggingu á móttökuaðstöðu í höfnum skv. 1.–3. mgr. Þá getur ráðherra kveðið á um í reglugerð að litlar hafnir séu undanskildar kröfu um gerð áætlunar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa.

### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. c laganna:

- a. Orðin „fiskiskipum, skemmtibátum sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega“ í 1. mgr. falla brott.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Einnig má veita undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. mgr. fyrir fiskiskip og skemmtibáta sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega sem hafa reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda.

## 4. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi fela í sér innleiðingu á 3., 4. og 5. tölul. 2. gr., 5., 8. og 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 um móttökuaðstöðu í höfnum til afhendingar úrgangs frá skipum, um breytingu á tilskipun 2010/65/ESB og um niðurfellingu tilskipunar 2000/59/EB, sem vísað er til í tölul. 56i í V. kafla XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2022 frá 10. júní 2022 auk innleiðingar tilskipunar 2005/35/EB um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og innleiðingu viðurlaga við brotum sem vísað er til í tölul. 56v í V. kafla XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2009 frá 29. maí 2009.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2026.

## 6. gr.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breytingar á hafnalögum, nr. 61/2003:

- a. Orðin „fiskiskipum, skemmtibátum sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega“ í f-lið 1. tölul. 2. mgr. 17. gr. laganna falla brott.
- b. 1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi fela í sér innleiðingu á 8. og 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 um móttökuaðstöðu í höfnum til afhendingar úrgangs frá skipum, um breytingu á tilskipun 2010/65/ESB og um niðurfellingu tilskipunar 2000/59/EB, sem vísað er til í tölul. 56i í V. kafla XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2022 frá 10. júní 2022.

## Greinargerð.

**1. Inngangur.**

Frumvarp þetta er samið í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 um móttökuaðstöðu í höfnum til afhendingar úrgangs frá skipum, um breytingu á tilskipun 2010/65/ESB og um niðurfellingu tilskipunar 2000/59/EB hefur verið tekin upp í EES-samninginn. Tilskipunin var tekin upp með stjórnskipulegum fyrirvara af hálfu Íslands þar sem innleiðing tilskipunarinnar hér á landi kallar á lítills háttar breytingar á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2003, og hafnalögum, nr. 61/2003.

**2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.**

Með frumvarpinu er ætlunin að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 um móttökuaðstöðu í höfnum til afhendingar úrgangs frá skipum, um breytingu á tilskipun 2010/65/ESB og um niðurfellingu tilskipunar 2000/59/EB. Tilskipunin kemur í stað eldri tilskipunar um sama efni, þ.e. tilskipun 2000/59/EB, sem hefur verið innleidd hér á landi með lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, hafnalögum, nr. 61/2003, reglugerð um móttöku á úrgangi og farmleifum í höfnum, nr. 1200/2014, og reglugerð um gjaldtöku í höfnun vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum, nr. 1201/2014. Tilskipun 2000/59/EB fjallar um skyldur aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB) til að sjá um að móttökuaðstaða í höfnum og aðstaða til

afhendingar úrgangs frá skipum í höfnum sé viðunandi. Tilskipunin innleiðir að hluta reglur Marpol-samningsins um varnir gegn mengun frá skipum sem gerður er á vegum Alþjóða siglingamálastofnunarinnar (IMO).

Tilskipun (ESB) 2019/883 felur í sér endurskoðun á tilskipun 2000/59/EB og hafa skilgreiningar, gildissvið og eyðublöð verið samræmd við þróun Marpol-samningsins á undanförunum árum. Markmið tilskipunarinnar er að vernda hafumhverfið frá neikvæðum áhrifum úrgangs frá skipum sem nota hafnir innan bandalagsins, á sama tíma og greið skipaumferð er tryggð. Þetta er gert með því að bæta móttökuaðstöðu í höfnum og afhendingu úrgangs í höfnum. Með tilskipuninni var ætlunin að einfalda ferla um tilkynningarskyldu notenda hafna. Þá hafa verið settar ítarlegri reglur um ýmis framkvæmdar-atriði, þar sem aðildarríkin hafa verið með mismunandi túlkun á tilskipun 2000/59/EB og kröfur um eftirlit eru auknar. Tilskipunin felur jafnframt í sér breytingar á tilskipun 2010/65/ESB um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjunum sem eru á forræði innviðaráðuneytisins. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/1239 frá 20. júní 2019 um að koma á sameiginlegri gátt fyrir siglingar í Evrópu og um niðurfellingu á tilskipun 2010/65/ESB fellir úr gildi tilskipun 2010/65 frá og með 15. ágúst 2025.

Helstu breytingar með tilskipun (ESB) 2019/883 frá eldri tilskipun eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er skilgreining á úrgangi frá skipum vikkuð út og nær nú til alls úrgangs sem verður til í skipi eða við lestun eða aflestun eða við hreinsun og sem fellur undir viðauka I, II, IV, V og VI við Marpol-samninginn. Farmleifar og úrgangur úr hreinsikerfum skipa bætast við gildissvið tilskipunarinnar. Tilskipunin gildir áfram um öll skip nema herskip og skip í eigu annarra ríkja og þjónustuskip hafnanna. Aðildarríki ESB mega undanskilja skip sem einungis liggja við akkeri frá ákvæðum um tilkynningarskyldu, afhendingu úrgangs og gjaldtöku. Tilskipunin gildir um allar hafnir þar sem framangreind skip hafa venjulega viðkomu.

Í öðru lagi eiga aðildarríki ESB að sjá til þess að formskilyrði og framkvæmd við móttöku og afhendingu úrgangs séu einföld, hraðvirk og umhverfisvæn, að öryggis sé gætt og þau seinki ekki ferðum skipa. Tilkynningar og form verða samræmd Marpol kerfinu og sendar rafrænt í gegnum SafeSeaNet kerfið. Tilkynningar um úrgang á grundvelli gildandi reglna eru nú þegar sendar í gegnum SafeSeaNet kerfið fyrir Ísland.

Í þriðja lagi hafa verið sett ítarlegri ákvæði varðandi samráð við gerð áætlana hafna um móttökuaðstöðu og afhendingu úrgangs og aukin upplýsingaskylda fyrir notendur hafna. Staðfestingartímabil áætlana hafna verður á fimm ára fresti í stað þriggja ára, nema ef miklar breytingar hafi verið gerðar á móttökuaðstöðunni. Smærri hafnir þar sem ekki er atvinnustarfsemi þurfa ekki að gera áætlanir en þá verður fyrirkomulag um móttöku á úrgangi í þeim höfnum að vera hluti af samþykktum viðkomandi sveitarfélags. Þá skal tryggja aðskilda móttöku úrgangs til að auðvelda endurvinnslu í samræmi við tilskipun 2008/98/ESB um úrgang og Marpol samninginn. Reglur um flokkun úrgangs í landi gilda því líka um úrgang sem er afhentur í höfnum.

Í fjórða lagi skulu hafnir áfram ákveða fast úrgangsgjald sem gildir fyrir öll skip án tillits til þess magns sem skilað er, en það getur verið mismunandi m.a. eftir stærð og tegund skipa og tegund úrgangs. Gjaldið gildir einnig um stærri fiskiskip og skemmtibáta og nær til móttöku á fiskinetum og úrgangi sem festist í netunum í sjó. Heimilt er að setja aukagjald ef magnið er óvenju mikið þessar reglur eiga að stuðla að frekari samræmingu á upphæð gjaldanna í höfnum. Fasta úrgangsgjaldið gildir ekki um afhendingu farmleifa né um úrgang frá hreinsikerfi útblásturslofts sem greitt er fyrir m.a. með tilliti til stærðar og tegundar úrgangs. Skýrari reglur eru settar um hvaða kostnaðarþættir falla undir fasta úrgangsgjaldið og fyrir hvaða kostnað er

hægt að taka breytilegt gjald. Einnig geta skip fengið lækkun á gjaldinu ef þau hafa umhverfisvæna umhverfisstjórnun á úrgangsmálum um borð.

Í fimmta lagi eru kröfur um eftirlit auknar og ber nú að framkvæma eftirlit með því að öllum skyldum tilskipunarinnar sé framfylgt. Framkvæma skal eftirlit á a.m.k. 15% einstakra skipa sem koma til hafnar. Framkvæmdastjórn ESB mun setja framkvæmdareglugerð um eftirlitið.

### 3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpinu er ætlunin að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 um móttökuaðstöðu í höfnum til afhendingar úrgangs frá skipum, um breytingu á tilskipun 2010/65/ESB og um niðurfellingu tilskipunar 2000/59/EB. Í frumvarpinu er lagðar til nokkrar breytingar á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda og hafnalögum til þess að undirbúa fulla innleiðingu á tilskipuninni í landsrétt. Til þess að ljúka við innleiðingu á tilskipuninni þarf jafnframt að breyta reglugerð um móttöku á úrgangi og farmleifum í höfnum, nr. 1200/2014, og reglugerð um gjalddöku í höfnun vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum, nr. 1201/2014.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda hvað varðar skilgreiningar á hugtökum, skyldu hafnarstjórna til að gera áætlun um móttöku úrgangs og farmleifa og breytingu á gildissviði laganna varðandi tiltekin skip. Samsvarandi breyting er gerð á hafnalögum. Að öðru leyti er vísað til skýringa við einstakar greinar frumvarpsins.

### 4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið þykir ekki fela í sér álitæfni sem kalli á sérstaka umfjöllun um samræmi við stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og er það sett fram til að uppfylla þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist með aðild að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

### 5. Samráð.

Áform um lagasetningu og mat á áhrifum frumvarpsins voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is 12. desember 2022 (mál nr. S-249/2022) og var umsagnarfrestur til 10. janúar 2023. Alls bárust þrjár umsagnir um málið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vegagerðinni og Ungum umhverfissinum.

Við undirbúning frumvarpsins fundaði ráðuneytið með innviðaráðuneytinu, Umhverfis- og orkustofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi. Auk þess hafði innviðaráðuneytið samráð við Vegagerðina vegna frumvarpsins.

Drög að frumvarpi þessu og mat á áhrifum þess voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is 21. febrúar 2025 (mál nr. S-46/2025) og var umsagnarfrestur til 7. mars 2025. Alls bárust þrjár umsagnir um frumvarpsdrögin frá Hafnasambandi Íslands, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og Vegagerðinni. Ráðuneytið fundaði með Hafnasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi um framkomnar ábendingar í umsögnum um frumvarpið.

Í umsögn Hafnasambands Íslands, dags. 7. mars 2025, kemur fram ábending um áætlanir hafnarstjórna um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og tengsl við svæðisáætlanir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs, sbr. 6. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Það er rétt að áréttta að kveðið er á um skyldu hafnarstjórna til að gera áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa í 6. gr. reglugerðar um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum, nr. 1200/2014. Frumvarpið hefur því ekki í för

með sér auknar kvaðir á hafnarstjórnir hvað það varðar. Hins vegar er gert ráð fyrir, verði frumvarpið að lögum, að kveða á um í reglugerð að litlar hafnir geti verið undanskildar kröfu um gerð áætlunar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa að því tilskyldu að móttaka úrgangs í höfnum sé tryggð í gegnum svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs hjá viðkomandi sveitarfélagi.

Í umsögn Hafnasambandsins kemur fram ábending þess efnis að frumvarpið muni hafa í för með sér breytingar fyrir hafnir og gefa þurfi ráðrúm til þess að undirbúa innleiðingu þeirra. Af þeim sökum er lagt til að gildistaka frumvarpsins verði 1. janúar 2026.

Í umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, dags. 13. mars 2025, kemur fram að fiskiskip hafi verið undanþegin greiðslu úrgangsgjalds fyrir móttöku og meðhöndlun úrgangs. Að mati samtakanna hefur undanþágan stuðlað að markvissri uppbyggingu innviða fyrir úrgangsstjórnun í sjávarútvegi og hefur skilað áþreifanlegum árangri. Þannig hafi rekstraráðilar íslenskra fiskiskipa tileinkað sér ábyrga úrgangsstjórnun, annaðhvort með því að kaupa þjónustu af sérhæfðum aðilum eða með rekstri eigin úrgangsstjórnunarkerfa. Í umsögn Hafnasambandsins er einnig bent á að frumvarpið kalli á breytingu á gjaldskrám hafna þar sem fleiri skip eiga að greiða gjald fyrir móttöku og meðhöndlun úrgangs. Í því samhengi er því velt upp hvort engar sérreglur muni gilda um greiðslur fiskiskipa og skemmtibáta þar sem frumvarpið geri ráð fyrir að greiðsluskyldan taki jafnframt til þeirra. Með frumvarpinu er ekki ætlunin að umbylta núverandi framkvæmd varðandi úrgangsstjórnun fiskiskipa heldur einungis að gæta að samræmi ákvæða laga um varnir gegn mengun hafs og stranda við tilskipun (ESB) 2019/883. Þannig er gert ráð fyrir, verði frumvarpið að lögum, að greiðsluskylda skipa verði nánar útfærð í reglugerð, sbr. 4. gr. reglugerðar um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum, nr. 1201/2014. Í ljósi framangreindra umsagna telur ráðuneytið rétt að kveða skýrar á um þetta í lögnum og er af þeim sökum lögð til breyting á 11. gr. c laganna, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Í umsögn Vegagerðarinnar, dags. 10. mars 2025, kemur fram að Vegagerðin telji að frumvarpið hafi ekki teljandi bein áhrif á starfsemi stofnunarinnar hvað snertir þær breytingar sem ætlunin er að gera á ákvæðum laganna.

## 6. Mat á áhrifum.

Frumvarpið mun hafa í för með sér almennt jákvæð áhrif á umhverfið þar sem markmið þess er að draga úr losun úrgangs í hafið. Frumvarpið hefur áhrif á stjórnsýslu Umhverfis- og orkustofnunar vegna eftirlits en gert er ráð fyrir gjaldtöku stofnunarinnar vegna þess. Frumvarpið hefur engin eða óveruleg áhrif á ríkissjóð.

Frumvarpið hefur áhrif á eigendur skipa sem falla undir gildissvið laganna. Í því er lagt til að fleiri tegundir úrgangs falli undir gildissvið laganna en nú er og þurfa eigendur skipa að ráðstafa fleiri úrgangstegundum í samræmi við lög. Þar sem meðhöndlun úrgangs frá skipum er í ágætis farvegi nú þegar er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi í för með sér óveruleg áhrif á eigendur skipa. Þó er gert ráð fyrir auknu eftirliti með úrgangstilkynningum sem kann að hafa áhrif á eigendur skipa. Frumvarpið hefur einnig áhrif á hafnir landsins þar sem áfram er gert ráð fyrir gerð áætlana um móttöku úrgangs og jafnframt eru áhrifin jákvæð í tilviki smærri hafna sem þurfa ekki að gera áætlunir að uppfylltum skilyrðum.

### *Um einstakar greinar frumvarpsins.*

#### Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á skilgreiningum á tveimur hugtökum og að bætt verði við lögum skilgreiningu á einu hugtaki. Í fyrsta lagi er skilgreining á úrgangi frá skipum vikkuð

út og nær nú til alls úrgangs sem verður til í skipi eða við lestun eða aflestun eða við hreinsun og sem fellur undir viðauka I, II, IV, V og VI við Marpol-samninginn. Þá er skilgreiningu á hugtakinu „farmleifar“ breytt þannig að farmleifar á þilfarinu falli einnig undir gildissvið laganna. Að lokum er bætt við skilgreiningu þannig að úrgangur sem fangaður er af tilviljun falli undir gildissvið laganna.

Um er að ræða innleiðingu á 3., 4. og 5. tölul. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2019/883.

#### Um 2. gr.

Í greininni er lagt að kveðið verði skýrar á í lögnum um skyldu hafnarstjórnar til að gera áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa. Þá er lagt til að ráðherra verði heimilt að setja reglugerð þar sem kveðið verði nánar á um útfærslu og uppbyggingu á móttöku-aðstöðu í höfnum og að litlar hafnir geti verið undanskildar kröfu um gerð áætlunar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa.

Um er að ræða innleiðingu á 5. gr. tilskipunar (ESB) 2019/883.

#### Um 3. gr.

Í a-lið er lagt til að skylda til greiðslu gjalds fyrir móttöku og meðhöndlun á úrgangi frá skipum taki einnig til fiskiskipa og skemmtibáta sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega. Í b-lið er lagt til að unnt sé að undanskilja fiskiskip og skemmtibáta sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega greiðslu úrgangsgjalds að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem sett verða í reglugerð. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar í 5. kafla.

Um er að ræða innleiðingu á 8. og 9. gr. tilskipunar (ESB) 2019/883.

#### Um 4. gr.

Í greininni er lögð til breyting á orðalagi vegna innleiðingar tiltekinna ákvæða tilskipunar (ESB) 2019/883.

#### Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

#### Um 6. gr.

Í a-lið er lagt til að skylda til greiðslu gjalds fyrir móttöku og meðhöndlun á úrgangi frá skipum taki einnig til fiskiskipa og skemmtibáta sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega til samræmis við breytingar sem eru lagðar til í frumvarpinu, sbr. 3. gr. þess.

Í b-lið er lögð til breyting á orðalagi vegna innleiðingar tiltekinna ákvæða tilskipunar (ESB) 2019/883. Um er að ræða innleiðingu á 8. og 9. gr. tilskipunarinnar.